

Sæll Steingrímur.

Svar Íslandsturna kemur hér.

Vísað er til erindis SE dags. 21. júlí 2022, í tengslum við rannsókn SE á kaupum Ardian á Mílu af Símanum, þar sem óskað var eftir athugasemdum og sjónarmiðum markaðsaðila um annars vegar tillögur samrunaaðila að mögulegum skilyrðum og hins vegar athugasemdir samrunaaðila við frummatið sem þeim var kynnt með andmælaskjali.

Vísað er til sjónarmiða Íslandsturna vegna samrunans sem rakin voru í erindi dags. 29. apríl sl. Líkt og þar kemur fram starfa Íslandsturnar einungis á einum af fjölmörgum skilgreindum mörkuðum málsins, þ.e. markaði fyrir aðstöðuleigu. Athugasemdir og sjónarmið Íslandsturna takmarkast við umræddan markað.

Hvað varðar athugasemdir annars vegar Símans og hins vegar Ardian við frummat SE, sem kynnt var aðilum í andmælaskjali vegna málsins, þá er einungis að finna á einum stað í erindi Ardian athugasemdir er varða þann markað sem Íslandsturnar starfa á. Þar sem Íslandsturnar hafa andmælaskjal málsins ekki undir höndum er þeim ekki kunnugt um það frummat SE í tengslum við hlutaðeigandi markað sem gerðar eru athugasemdir við af hálfu Ardian. Af þessum sökum er ekki unnt að setja fram sjónarmið er varða athugasemdir Ardian að þessu leyti. Hins vegar þykir rétt að árétta athugasemd sem fram kom í áðurgreindu erindi Íslandsturna varðandi mat á markaðshlutdeild aðila á þessum markaði, miðað við fjölda sendastaða.

Ef litið er til tillögu Ardian að skilyrðum, þá verður ekki betur séð en að þau skuli einungis ná til a) markaða þar sem Míla nýtur umtalsverðs markaðsstyrks, samkvæmt ákvörðunum Fjarskiptastofu og b) markaða þar sem Míla telst í markaðsráðandi stöðu samkvæmt samrunaákvörðun SE. Með vísan til ákvörðunar SE nr. 32/2021 hefur SE ekki litið svo á að Míla sé í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir aðstöðuleigu. Íslandsturnum er ekki kunnugt um hvort það mat hafi tekið breytingum í frummati SE í því máli sem hér er til umfjöllunar. Af þessum sökum telja Íslandsturnar ekki efni til þess að taka afstöðu til tillögu Ardian að skilyrðum, enda snerta þær ekki þann markað sem Íslandsturnar starfa á.

Með kveðju / Kind regards  
Jóakim Reynisson framkvæmdastjóri / CEO



Ármúli 6, 108 Reykjavík, Iceland  
[joakim.reynisson@islandsturnar.is](mailto:joakim.reynisson@islandsturnar.is)  
m. +354 7701007